

# **Könnun velferðarvaktarinnar**

## **Afleiðingar efnahagskreppunnar á félagsþjónustu sveitarfélaga**

**Samantekt úr svörum sveitarfélaganna**

Félags- og tryggingamálaráðuneyti: Könnun velferðarvaktarinnar: Afleiðingar  
efnahagskreppunnar á félagsþjónustu sveitarfélaga  
Maí 2009

Útgefandi: Félags- og tryggingamálaráðuneyti  
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 552 4804  
Netfang: [postur@fel.stjr.is](mailto:postur@fel.stjr.is)  
Veffang: [felagsmalaraduneyti.is](http://felagsmalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Félags- og tryggingamálaráðuneyti

© 2009 Félags- og tryggingamálaráðuneyti





## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
1 Hvernig hefur félagsþjónustan fundið fyrir afleiðingum efnahagskreppunnar?.....	5
2 Hefur málum fjölgað miðað við febrúar 2008?.....	6
3 Eru málin af öðrum toga en á sama tíma í fyrra? .....	6
Hvað einkennir málin helst? .....	6
4 Hvaða hópar eru berskjaldaðri en aðrir? .....	7
5 Hefur félagsþjónustan/sveitarfélagið gripið til sérstakra aðgerða til að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagsástandsins? Ef svarið er já – til hvaða aðgerða hefur verið gripið? .....	8
5.1 Aukið samstarf og betur fylgst með aðstæðum tiltekinna hópa.....	8
5.2 Efling félagslegrar ráðgjafar og aukin fræðsla og handleiðsla fyrir starfsfólk .....	9
5.3 Opnuð ný þjónustuver.....	9
5.4 Aukin fræðsla til almennings .....	9
5.5 Lækkun gjaldskrár/auknar niðurgreiðslur.....	9
6 Á hvað telur félagsþjónustan/sveitarfélagið að velferðarvaktin ætti að leggja sérstaka áherslu, bæði varðandi málefni og hópa? .....	10
Viðauki 1: Spurningar til félagsþjónustunnar.....	14
Viðauki 2: Yfirlit yfir sveitarfélögin sem svör bárust frá.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>

## Inngangur

Tilgangur könnunarinnar var að leita upplýsinga hjá sveitarfélögum landsins hvort og með hvaða hætti félagsþjónustan hefði orðið vör við áhrif kreppunnar. Sex opnar spurningar voru sendar félagsmálastjórum landsins samkvæmt netfangalista Samtaka félagsmálastjóra þann 5. mars 2009 og svör bárust í sama mánuði. Alls bárust upplýsingar frá 47 sveitarfélögum sem svarað var af 25 félagsmálastjórum, en á ákveðnum svæðum þjónar sami félagsmálastjóri fleiri en einu sveitarfélagi. Íbúar sveitarfélaganna sem svör bárust frá eru 294.433 sem er 92% mannfjöldans á Íslandi.

Þar sem spurningarnar eru opnar eru ekki settar fram tölur um fjölda sveitarfélaga sem svarar með tilteknum hætti, heldur er leitast við að ná heildarsýn og greint frá því sem fram kemur hjá mörgum félagsmálastjórum. Það atriði sem oftast er nefnt er sett fremst og það sem sjaldnar er nefnt er sett aftar, ef einungis eitt sveitarfélag nefnir tiltekið atriði er það ekki tekið með. Stundum er tekið orðrétt upp úr svörum.

# 1 Hvernig hefur félagsþjónustan fundið fyrir afleiðingum efnahagskreppunnar?

Nánast allir (22 af 24) félagsmálastjórnarnir telja félagsþjónustuna hafa fundið beint fyrir afleiðingum kreppunnar. Tveir svara neitandi með samtals 4.941 íbúa eða 1,7% af heildarfjölda íbúa sveitarfélaga.

Þessi atriði voru oftast nefnd:

1. Fjölgun umsókna um fjárhagsaðstoð.
2. Fjölgun beiðna um félagslegar ráðgjöf:
  - a. Óskað eftir upplýsingum og ráðgjöf, meðal annars um fjármál, atvinnumál og námslán.
  - b. Aukin eftirspurn eftir skóla- og sérfræðiþjónustu og málin þyngru (Reykjavík).
3. Aukið álag í barnavernd.
4. Aukinn kvíði, þirringur, vanlíðan, þunglyndi, reiði og vonbrigði hjá fólki yfir ástandinu og framtíðinni.
5. Nýr hópur í fjárhagskröggum leitar til félagsþjónustunnar sem á ekki rétt á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins en þiggur gjarnan ráðgjöf. Fólkið er á vinnumarkaði og hefur hingað til getað staðið í skilum en nær ekki endum saman vegna þungrar lánabyrðar. „Skuldabyrði vegna húsnæðis- og bílalána hefur margfaldast, matvara hefur hækkað sem og almenn neysluvara. Í sumum tilvikum er um að ræða beina tekjulækkun, til dæmis vegna þess að yfirvinna hefur dregist saman.“
6. Þeir sem stóðu höllum fæti áður hafa það mun verr nú en fyrir kreppu, meðal annars vegna hækkunar matarverðs og hækkunar lána.
7. Þjónustuþyngdin er meiri vegna lokana í heilbrigðiskerfinu (heimaþjónusta) og heilbrigðisstofnanir, meðferðarstofnanir og stuðningshópar (Stígamót, SÁÁ o.fl.) standa illa og fólk leitar til félagsþjónustu sveitarfélagsins í staðinn.
8. Uppsagnir hjá erlendum ríkisborgurum (nefnt mun sjaldnar).

## 2 Hefur málum fjölgað miðað við febrúar 2008?

Tuttugu félagsmálastjórar svara játandi en þrír neitandi með samtals 6.981 íbúa eða rúm 2% af heildarfjölda íbúa sveitarfélaga sem svara og einn svarar ekki spurningunni.

Málum hefur meðal annars fjölgað á eftirtöldum sviðum:

- Fjárhagsaðstoð.
- Barnavernd.
- Félagsleg ráðgjöf.
- Húsaleigubætur.
- Félagsleg heimaþjónusta.

**Úr svari Reykjavíkurborgar:** Það hefur orðið umtalsverð aukning í virkum málum sé miðað við febrúar 2008 og febrúar 2009, eða 23% í virkum málum og tæp 31% í fjárhagsaðstoðarmálum. Ekki eru allir þjónustubættir skráðir inn í þennan gagnagrunn svo sem húsaleigubætur og umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði. Þá sýnir samanburður á fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í janúar 2009 borið saman við janúar 2008 að aukningin er að meðaltali 45% og fengu 277 fleiri notendur fjárhagsaðstoð til framfærslu í janúar 2009 en árið áður. Fjöldi notenda með húsaleigubætur hefur einnig aukist verulega frá því á haustmánuðum, um allt að 550 einstaklinga.

## 3 Eru málin af öðrum toga en á sama tíma í fyrra? Hvað einkennir málin helst?

Sextán félagsmálastjórar svara játandi, sjö neitandi með rúmlega 25 þúsund íbúa samtals eða 9% heildarfjölda íbúa sveitarfélaga sem svara og einn svarar ekki spurningunni.

Samantekt úr svörum:

- Að hluta til eru málin af sama toga og áður, en starfsfólk telur að málin séu þyngri en áður og flóknari úrlausnar (Reykjavík). Fjárhagserfiðleikar og óvissan sem margir standa frammi fyrir eru mest einkennandi. Meira ber á vonleysi, áhyggjum, þreytu og vanskilum. Fólk sér ekki út úr vandanum og verður ýmist niðurdregið og jafnvel grætur eða er fjúkandi reitt. Einkennandi er að margir leita eftir fjárhagsaðstoð sem eiga ekki rétt á henni vegna of hárra tekna, en skuldabyrði er þannig að fólk á ekki fyrir mat og á í erfiðleikum með að standa straum af öllum útgjöldum vegna hækkana nauðþurfta og afborgana. Þessi hópur er stundum langt yfir viðmiðum reglna og er meðal annars iðulega að spyrjast fyrir um aðstoð vegna barna, til dæmis leikskóla, daggæslu eða tómsunda. Meðal þeirra eru atvinnulausir, einstaklingar sem hafa misst yfirvinnu og hafa lækkað í launum. Þessum hópi er það sammerkt að honum gengur illa að ná endum saman og lítið sem ekkert eftir þegar búið er að greiða af lánnum og föst mánaðarleg útgjöld.



- Óskir um sálfræðiaðstoð og álag á skólafélagsráðgjafa hefur aukist verulega. Mál sem varða samskipti barna/foreldra, barna/kennara, foreldra/kennara eða bara samskipti fólks yfir höfuð virðast fleiri og þyngri. „Verðum vör við mun minna þol bæði hjá foreldrum og börnum.“ „Jafnt og þétt hafa foreldrar á þessu tímabili leitað ... eftir aðstoð við uppeldi barna sinna, síðustu mánuði hefur aukist að foreldrar leiti sjálfir aðstoðar.“
- „Útlendingar eru að koma inn og sækja um fjárhagsaðstoð sem var nær óþekkt fyrir ári síðan.“

#### 4 Hvaða hópar eru berskjaldaðri en aðrir?

Þessi hópar voru oftast nefndir:

- Börnin, ungar barnafjölskyldur og einstæðir foreldrar.
- Lágtekjufólk, þar með taldir lífeyrisþegar, þeir sem stóðu lakast fyrir kreppu, „venjulega“ fólkið á lágu laununum, fjölskyldur sem hafa misst aukatekjur, eiga til dæmis ekki rétt hjá fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi; hafa atvinnuleysisbætur og þurfa að standa skil á leigu eða afborgunum af húsnæði og bíl.
- Öryrkjar, langtímaatvinnulausir og ungt atvinnulaust fólk, barnmargar fjölskyldur.
- Útlendingar.
- Nemar sem hafa unnið með námi og ungt fólk sem hefur hætt í skóla og/eða ungt fólk sem á lítinn eða engan atvinnuleysisbótarétt.
- Þeir sem glíma við þunglyndi eða kvíða.
- Einstæðingar.
- Eldri borgarar og „eldra fólk sem getur ekki tekið að sér hvaða störf sem er“.
- Þeir sem starfað hafa sjálfstætt sem verktakar, verið einyrkjar og eiga ekki rétt til atvinnuleysisbóta.

## 5 Hefur félagsþjónustan/sveitarfélagið gripið til sérstakra aðgerða til að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagsástandsins? Ef svarið er já – til hvaða aðgerða hefur verið gripið?

Af 24 félagsmálastjórum greinir 21 frá því að gripið hafi verið til sérstakra aðgerða, en tveir svara neitandi með fimm þúsund íbúa samtals eða tæp 2% af heildarfjölda íbúa sveitarfélaga sem svara og einn svarar ekki spurningunni.

Svörin eru flokkuð í nokkra meginflokka:

### 5.1 Aukið samstarf og betur fylgst með aðstæðum tiltekinna hópa

Algengast er greint sér frá auknu samstarfi og samráð styrkt á mörgum sviðum með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir félagslegar aðstæður íbúanna og þá þjónustu og aðstoð sem í boði er. Samstarfið er margþætt:

- a) innan sveitarfélags,
- b) milli ríkisstofnana og sveitarfélags og
- c) samvinna við þriðja geirann (Rauði krossinn, kirkjan, mæðrastreksnefnd, Fjölskylduhjálpi) svo og samstarf við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og Fjölmenningarsetur.

Samstarfshópar og þverfagleg teymi hafa víða verið stofnuð með þátttöku félagsþjónustu, stéttarfélaga, skóla/fræðslusetra/þekkingarsetra, heilsugæslu, Vinnumálastofnun, farskóla, háskólasamfélags og Rauðakrossdeilda, lögreglu og fleiri.

Aðgerðaáætlanir hafa víða verið settar saman og Reykjavíkurborg hefur stofnað *Börnin í borginni* sem er þverfaglegur starfshópur um stoðþjónustu.

- a) **Dæmi frá Árborg:** Velferðarpúlsinn fylgist með brottfalli úr leikskólum, skólavist, skólamötuneytum, íþróttum og tómstundum, heimaþjónustu og dagvist; vanskilum á leikskólagjöldum, skólamat, heimaþjónustu og ferðaþjónustu; umsóknum um félagslegt leiguhúsnæði, húsaleigubótum og sérstökum húsaleigubótum; þróun atvinnuleysis, fjárhagsaðstoðar, húsaleigubóta og fjölda tilkynninga til barnaverndar; líðan leik- og grunnskólanema, þjónustuþega í heimaþjónustu og liðveislu, gesta í félagsmiðstöð og ungmennahúsi og starfsmanna stofnana Fjölskyldumiðstöðvar.
- b) **Dæmi frá Akureyri:** Strax í fyrstu viku eftir bankahrunið var víðtæku samráði komið á fót ... sem kallað hefur verið almannahéillanefnd. Á þeim vettvangi fer fram reglulegt stöðumat ... Fylgst er með þróun atvinnuleysis á svæðinu, uppsögnum úr skólafæði og úr frístund, uppsögnum á leikskólaplássum og styttingu á dvalartíma, ástundun barna í íþróttum, aðsókn barna og ungs fólks að félagsmiðstöðvum og tómstundatíloðum, brottfalli úr framhaldsskóla, aðsókn að þjónustu og ýmsum úrræðum ... Almannaheillanefndin hefur einnig nýst vel sem vettvangur þar sem fólk stillir saman strengi og finnur nýjar leiðir til sameiginlegra lausna.

## 5.2 Efling félagslegrar ráðgjafar og aukin fræðsla og handleiðsla fyrir starfsfólk

Móttökur hafa verið settar á laggirnar án þess að það þurfi að panta tíma, settar fram viðbragðsáætlanir til að tryggja skjóta afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð og ráðnir fleiri félagsráðgjafar (að minnsta kosti þrjú sveitarfélög).

„Meiri áhersla er lögð á erfið mál, minni á forvarnavinnu.“

## 5.3 Opnuð ný þjónustuver

Dæmi:

- Opnun frístundaiðju – miðstöð fólks í atvinnuleit (Möguleikamiðstöð).
- Atvinnu- og þjónustusetur (Deiglan).
- Miðstöð fólks í atvinnuleit.
- Virkjun mannauðs á Suðurnesjum sem er miðstöð fólks í atvinnuleit.
- Hönd í hönd, ráðgjafaver fyrir bæjarbúa.
- Atvinnutorg stofnað.
- Ráðgjafatorg stofnað.
- Samvinna/starfsendurhæfing sett á laggirnar, opið hús fyrir atvinnuleitendur, Húsi frítímans opnað, Ungmennahús opnað fyrir 16 ára og eldri til að koma sérstaklega til móts við atvinnulaus ungmenni á komandi sumri.
- Smiðjan – ný tækifæri opnuð þjónustu- og nýsköpunarsmiðja.

## 5.4 Aukin fræðsla til almennings

Dæmi:

- Ný námskeið fyrir almenning, svo sem klár í kreppu, í sálrænni skyndihjálpi, í fjármálum, sérstök námskeið fyrir atvinnuleitendur og opnir fræðslufundir um lífsgæði, uppeldi og samskipti.
- Opnaður nýr þjónustuvefur, upplýsingagátt, um aðstoð við fólk í vanda.

## 5.5 Lækkun gjaldskrár/auknar niðurgreiðslur

Dæmi:

- Breytt gjaldskrá máltíða í grunnskólum, lækkun leikskólagjalda og aukin niðurgreiðsla á íþróttum og tómstundum, frítt í líkamsrækt á tilteknum tímum og frítt í sund fyrir atvinnulausa, aldraða og öryrkja.

- Eitt sveitarfélagið hefur gert fyrstu tvo vistunartíma á leikskóla, þ.e. milli kl. 8 og 10, gjaldfrjálsa.
- Börn á grunnskólaaldri og yngri fara frítt í sund.
- Boðið upp á frían hafragraut á morgnana í grunnskólanum.
- Frítt er í strætó fyrir alla íbúa.
- Markvisst er hvatt til þess að öll börn fái heitan mat í hádegi.
- Velferðarsjóður settur á laggirnar í að minnsta kosti tveimur sveitarfélögum til að aðstoða fólk sem ekki á rétt í öðrum kerfum, svo og fólk með börn sem á rétt í öðrum kerfum, en nær ekki endum saman.

## 6 Á hvað telur félagsþjónustan/sveitarfélagið að velferðarvaktin ætti að leggja sérstaka áherslu, bæði varðandi málefni og hópa?

### a) Huga að börnum og barnafjölskyldum

- Standa vörð um ungar barnafjölskyldur og einstæða foreldra
- Huga sérstaklega að börnum í fjölskyldum þar sem fjárhagserfiðleikar eru miklir.
- Tryggja að sveitarfélög geti veitt niðurgreiddan hádegismat í skólum.
- Skoði tólmstundatilboð barna og hvort þau séu að hætta í íþróttum.
- Að börnin, þrátt fyrir til dæmis atvinnuleysi foreldra, fái að halda sinni rútínu og geti mætt í leikskólann og hitt jafnaldrana í þroskavænlegu og örvandi umhverfi – fjarri þyngslum og áhyggjum heimilanna.
- Huga að börnum innflytjenda.

### b) Útbúi félagsvísa – rannsóknir og miðlun reynslu annarra

- Fylgjast með börnum í skólum: Að þau fái skólamáltíðir, hvort þau sýni merki kvíða og/eða depurðar, hvort þau séu í einhverju tólmstundastarfi og hvort þau komist í skólaferðir.
- Leggja áherslu á skipulagðari skráningu og upplýsingaöflun um eðli, fjölda og kynskiptingu mála hjá félagsþjónustu sveitarfélaga, auk þess að stuðla að fjölgun rannsókna á eðli og umfangi mála á því sviði.
- Fylgjast með fjárhagsaðstoð, félagslegri ráðgjöf, barnaverndartilkynningum og umsóknum og innskráningum á BUGL, Greiningarstöð, Kvænnaathvarf, Neyðarmóttöku, Stígamót o.s.frv.
- Fylgjast sérstaklega með hópum sem eru með lág laun, þ.m.t. öryrkjum, sjúklingum, atvinnuleitendum og láglaunafólki.

- Fylgjast með þeim sem bera mestu greiðslubyrðina og þeim sem hafa misst vinnu eða lækkað í launum.
- Fylgjast með og upplýsa um hvort bætur haldi í við verðlag grunnframfærslu.
- Nýta þekkingu sem aðrar þjóðir búa yfir vegna reynslu af sambærilegu.

c) *Fjármál heimilanna*

- Finna lausn fyrir þá sem skulda mikið og eru að reyna að standa í skilum, en eiga ekki rétt í fjárhagsaðstoð vegna tekna.

„Barnafjölskyldur og lágtekjufólk sem er við það að missa íbúðarhúsnæði vegna mikillar skuldabyrði og er í þeirri stöðu að geta ekki samið um skuldir sínar. Aðgerðir þurfa fyrst og fremst að miða að því að lækka skuldabyrði lágtekjufólks og atvinnulausra ... sértæk aðstoð vegna skulda... ekki altæk.“

- Þjóða ókeypis forrit fyrir heimilisbókhald.
- Efla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.
- Vinnumálastofnun styttri afgreiðslutíma. Umsækjendur um atvinnuleysisbætur sem eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun eiga í fæstum tilvikum rétt til fjárhagsaðstoðar. Sé afgreiðslutími langur getur því skapast tímabil þar sem fólk er án ráðstöfunartekna.

d) *Styðja starfsfólk og bæta þjónustu stofnana*

- Standa vörð um andlega og líkamlega heilsu starfsmanna í félagsþjónustu og á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar. Aukið álag er á þá á sama tíma og endalaust þarf að skera niður í sveitarfélögunum.
- Fjölga skólafélagsráðgjöfum í grunnskólum, meðal annars vegna fjölgunar barnaverndartilkynninga.
- Sjá til þess að kerfi ríkisins brenni ekki yfir um með of miklu álagi og samdrætti.
- Efla úrræði meðal annars með auknum vinnumarkaðsaðgerðum.
- Huga að mönnun þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar þar sem álag er augljóslega gríðarlegt.

e) *Tryggja grunnþjónustu velferðarkerfisins*

- Tryggja að ýmis grunnþjónusta verði ekki lakari, svo sem heilbrigðisþjónusta, og aðgengi að henni verði hvorki skert né kostnaðarhlutdeild notenda aukin og ekki beitt flötum niðurskurði.
- Verja og efla geðheilbrigðisþjónustu, skóla- og sérfræðiþjónustu og forvarnir.

- Kortlagt verði hvað sparnaðar- og/eða tekjuöflunaraðgerðir ríkisins hafa í för með sér með því að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin, sbr. gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu (áfengismeðferð). Ekki víst að sveitarfélögin séu þess umkomin að geta tekið við allri skerðingu ríkisins í kjölfar efnahagskreppunnar.
- Tryggja jafnræði þegnanna, að allir sitji við sama borð og geti notið þeirra úrræða sem komið er á fót. („Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna er einungis aðgengileg fólki sem býr á höfuðborgarsvæðinu“).

f) *Huga sérstaklega að viðkvæmum hópum*

- Ungir einstæðir foreldrar, ungir foreldrar með litla menntun, erlendir ríkisborgarar, miðaldra konur sem sinna ólaunuðum umönnunarverkum og öryrkjar sem eingöngu lifa á almannatryggingabótum. Koma í veg fyrir félagslega einangrun þessa fólks.
- Langtímaatvinnulausir.
- Einstæðingar.
- Aldraðir sem einungis hafa ellistyrkinn til framfærslu.
- Almennt á þetta við um alla hópa sem eru félagslega illa staddir. „Virðist vera erfiðara hjá þeim sem áður áttu við félagsleg vandamál að stríða.“
- Viðkvæmar fjölskyldur í barnavernd.

g) *Ungt fólk 16–25 ára*

- Horfa til ungs fólks, en atvinnuleysi meðal aldurshópsins 16–24 ára er verulegt.
- Huga að þeim sem eru að koma úr námi og ekkert bíður nema atvinnuleysi.
- Vakta sérstaklega aldurshópinn 18+, hvetja framhaldskólana til að leita leiða til að halda ungmennum í námi, auka sveigjanleika þar og leggja einnig áherslu á starfsþjálfun.

h) *Innflytjendur*

- Standa vörð um útlendinga á Íslandi sem voru og eru tilbúnir að ganga í óeftirsótt störf, einkum þá sem hafa stofnað heimili á Íslandi og vilja vera hér áfram.  
„Það úrræðaleysi sem er uppi í málum útlendinga sem hafa lent í uppsögnum veldur mér áhyggjum. Sérstaklega hef ég áhyggjur af börnum þessa fólks.“

i) *Atvinnulausir*

- Efna til hugmyndasamkeppni um ný atvinnutækifæri.
- Stuðla að atvinnuþátttöku atvinnulausra með vinnustaðasamningum, efla námskeið, fræðslu og umræðuhópa.
- Gefa öllum kost á að vera þátttakendur í vinnumarkaðsaðgerðum, einnig þeim sem ekki eiga bótarétt en eru í vinnuleit og fá aðstoð frá félagsþjónustum sveitarfélaganna. Gæta einnig að því að þessi hópur sé skráður atvinnulaus/í vinnuleit til þess að gefa sem réttastar upplýsingar um atvinnuástandið í landinu á hverjum tíma.
- Koma í veg fyrir svik við greiðslu atvinnuleysisbóta, til dæmis með því að skilyrða bótagreiðslu komu á skrifstofu Vinnumálstofnunar til skráningar og/eða með skylduþátttöku í ýmsu námskeiðahaldi.

*j) Efling menntunarúrræða*

- Fyrir alla aldurshópa.

*k) Þriðji geirinn*

- Hvetja til virkjunar „félagsauðs“ og sjálfbóðaliðastarfa.

*l) Miðlun upplýsinga til þjóðarinnar aukin og bætt*

- Gerður verði samningur við ríkissjónvarp/útvarp um upplýsingahorn, til dæmis í Kastljósi, þar sem kynnt væru réttindi, reglur möguleikar á aðstoð o.s.frv. til að greina veruleikann frá öllum þeim hugmyndum sem hafa komið fram.
- Hvetja ráðamenn til að vera sýnilegir og í sambandi við almenning í landinu, til dæmis með reglulegu upplýsingaflæði (taka nýjan forseta Bandaríkjanna til fyrirmyndar).

*m) Aukinn stuðningur við sveitarfélögin*

- „Ríki og sveitarfélög standi saman og leggi fram sinn skerf, það gæti haft undursamleg áhrif að hafa hina praktísku (peningalegu) hlið á hreinu.“
- Fela sveitarfélögum fleiri verkefni, til dæmis þau sem í dag eru á hendi bæði ríkis og sveitarfélaga.
- Félagspjónustan geti tímabundið fjölgað sérfræðingum innan sinna raða ... Huga þarf að því hvort sveitarfélög geti sótt um styrki til ríkisins til að mæta tímabundinni starfsmannaaukningu innan félagspjónustu.
- Hætta er á að í boðuðum niðurskurði hjá ríkinu muni framlög ríkisins lækka til sjálfseignarstofnana, félaga og félagasamtaka á sviði velferðarmála svo og að stuðningur „auðmanna“ heyri sögunni til. Hafa verður í huga að sveitarfélögin eru mörg hver í miklum fjárhagslegum erfiðleikum og geta því ekki tekið á sig ný fjárfrek verkefni. Við þessu þarf að bregðast.

- Ríkisvaldið þarf að koma til móts við sveitarfélögin á sviði fræðslumála.

## **Viðauki 1: Spurningar til félagsþjónustunnar**

### **Félags- og tryggingamálaráðuneytið**

*Velferðarvaktin*

*5. mars 2009*

#### **Spurningar til félagsmálastjóra um afleiðingar efnahagskreppunnar á félagsþjónustu sveitarfélaga**

1. Hvernig hefur félagsþjónustan fundið fyrir afleiðingum efnahagskreppunnar?  
Almenn lýsing í nokkrum orðum.
2. Hefur málum fjölgað miðað við febrúar 2008?
3. Eru málin af öðrum toga en á sama tíma í fyrra? Hvað einkennir málin helst?
4. Hvaða hópar eru berskjaldaðri en aðrir?
5. Hefur félagsþjónustan/sveitarfélagið gripið til sérstakra aðgerða til að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagsástandsins? Ef svarað er játandi – til hvaða aðgerða hefur verið gripið?
6. Á hvað telur félagsþjónustan/sveitarfélagið að velferðarvaktin ætti að leggja sérstaka áherslu, bæði varðandi málefni og hópa?

*Vinsamlega svarið eigi síðar en 12. mars 2009*



## Viðauki 2: Yfirlit yfir sveitarfélögin sem svör bárust frá

25 félagsmálastjórar svara listanum og svara fyrir alls 46 sveitarfélög. Í þeim býr rúmlega 92% mannfjöldans í landinu. Alls voru 319.368 íbúar á Íslandi 1. jan 2009.

1.	Akranes	6.609
2.	Akureyri	17.541
	a. Eyjafjarðarsveit	1.039
	b. Hörgárbyggð	413
	c. Svalbarðsstrandarhr.	396
	d. Grýtubakkahreppur	338
	e. Arnarneshreppur	177
3.	A-Hún:	
	a. Blönduós	907
	b. Húnavatnshr.	428
	c. Skagaströnd	521
	d. Skagabyggð	102
4.	Borgarbyggð	3.744
	a. Skorradalshreppur	57
5.	Dalvík	1.942
6.	Fjarðabyggð	4.723
7.	Garðabær	10.358
8.	Hafnarfjörður	25.850
9.	Hornafjörður	2.112
10.	Hveragerði	2.315
11.	Ísafjarðarbær	3.972
12.	Reykjanesbær	14.172
13.	Kópavogur	29.976
14.	Mosfellsbær	8.403
	a. Kjósarhreppur	196
15.	Norðurþing	3.001
	a. Skútustaðahreppur	388
	b. Tjörneshreppur	58
	c. Þingeyjarsveit	948
	d. Langanesbyggð	508
	e. Svalbarðshreppur	108
16.	Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla	
	a. Mýrdalshreppur	489
	b. Rangárþing ey.	1.762
	c. Rangárþing ytra	1.604
	d. Skaftárhreppur	465
	e. Ásahreppur	178
17.	Reykjavíkurborg	119.547
18.	Sandgerðisbær	1.754
	a. Garður	1.550
	b. Vogar	1.218
19.	Seltjarnarnes	4.403
20.	Skagafjörður	4.078
21.	Vesturbyggð	900
22.	Vestmannaeyjar	4.086
23.	Ölfus	2.002
24.	Árborg	7.922
25.	Bolungarvík	966
	a. Súðavíkurbhreppur	212
<i>Samtals</i>		<i>294.433</i>

